

Bréf

Alþingi, nefndasvið
Austurstræti 8 - 10
150 REYKJAVÍK

Reykjavík, 12. mars 2019
2019010031

Efni: Umsögn - Frumvarp til laga um rétt barna sem aðstandendur - 255. mál

Efni: Umsögn Barnaverndarstofu um frumvarp til laga um rétt barna sem aðstandendur, 255. mál.

Barnaverndarstofa vísar til erindis nefndasviðs Alþingis, dags. 21. febrúar 2019, þar sem stofunni var gefið tækifæri á að gefa velferðarnefnd Alþingis umsögn um frumvarp til laga um rétt barna sem aðstandendur, 255. mál. Þakkar Barnaverndarstofa fyrir að fá tækifæri til þess að tjá sig um frumvarpið.

Barnaverndarstofa telur mikilvægt að hugað verði að sjálfstæðum rétti barna sem eiga foreldra sem glíma við alvarleg veikindi eða andast. Barnaverndarstofa gerir því ekki athugasemdir við frumvarpið sem slíkt. Hins vegar telur Barnaverndarstofa mikilvægt að í 27. gr. a í lögum um réttindi sjúklinga nr. 74/1997, þar sem á að kveða á um skyldur heilbrigðisstarfsmanna vegna réttar barna sem aðstandenda, sé kveðið á um skyldur heilbrigðisstarfsmanna til að tilkynna til barnaverndarnefndar ef veikindi eða andlát foreldris hefur í för með sér að ástæða sé til að hafa áhyggjur af uppeldisaðstæðum barns, barn hafi sætt illri meðferð eða geti verið í hættu.

Minnir Barnaverndarstofa í þessu sambandi á að skv. 17. gr. barnaverndarlaga nr. 80/2002 hvílir sérstök tilkynningarskylda á þeim sem stöðu sinnar og starfa vegna hafa afskipti af börnum og eru heilbrigðisstarfsmenn þar sérstaklega tilgreindir í 2. mgr. 17. gr. laganna. Telur Barnaverndarstofa að þegar litið sé til hinnar sérstöku tilkynningarskyldu heilbrigðisstarfsmanna í barnaverndarlögum sé ástæða til þess að áréttta tilkynningarskylduna í ákvæði þar sem kveðið er á um skyldur heilbrigðisstarfsmanna vegna réttar barna sem aðstandenda þar sem mikilvægt sé að barn njóti þeirrar verndar og stuðnings sem aðkoma barnaverndarnefndar veitir.

Barnaverndarstofa veitir velferðarnefnd Alþingis fúslega allar nánari upplýsingar og skýringar sem þörf er á verði óskað eftir því og er reiðubúin að mæta á fund nefndarinnar verði þess óskað.

Virðingarfyllt
f.h. Barnaverndarstofu

Heiða Björg Pálmadóttir
forstjóri Barnaverndarstofu